



Markaðspunktur



Arion banki * Greiningardeild * greining@arionbanki.is * arionbanki.is

Markaðspunktur í dag:

- Seðlabankinn: Strandar Plan A á Icesave – stýrivextir í 2-3% ?

Seðlabankinn: Strandar Plan A á Icesave - stýrivextir í 2-3%?

Á síðasta vaxtaákvörðunarfundi mátti ekki merkja annað en að áhugi Seðlabankans að framfylgja **Plani A** um háa vexti og afnám hafta væri inni, en **Plan B** – þar sem gjaldeyrishöftin fá framlengt dvalarleyfi og vextir lækkaðir hressilega – væri úti.

Það er hinsvegar ekki hægt að horfa framhjá því að **svigrúm Seðlabankamanna til athafna ræðst af því hvernig stóru málunum miðar áfram**, þ.e. Icesave, AGS og höftunum. Óvissan snýst í sjálfu sér ekki um það *hvort* Peningastefnunefnd miði ákvarðanir sínar við afnám hafta eður ei. Óvissan snýr fyrst og fremst að því hvort *aðstæður muni leyfa* veruleg skref í afnámi hafta og hvort Seðlabankinn sé þar með **þvingaður í Plan B**. Að okkar mati dugar gjaldeyrisforðinn ekki til stórstígs afnáms gjaldeyrishafta alveg á næstunni. Það á við jafnvel þótt þriðja endurskoðun AGS náist í gegn.

En hvað gerist ef þriðja endurskoðun AGS næst ekki í gegn? Eins og fram hefur komið í fréttum miðar hægt í samkomulagsátt varðandi Icesave þessa dagana. Að okkar mati er hæpið að þriðja endurskoðun AGS og frekari lánaþyrngreiðsla vinabjóða náist í gegn á meðan Icesave-málið er í hnút. Og hvað fæli það í sér? Við teljum kristaltært að án frekari fyrirgreiðslu frá AGS og vinabjóðum verður afnám gjaldeyrishafta sett á ís. Og Seðlabankinn mun þá þurfa að draga Plan B upp úr þússi sínu. Myndi þá vaxtastefna Seðlabankans taka tillit til slakans í hagkerfinu í mun meiri mæli og yrðu vextir þá væntanlega lækkaðir í hraðari skrefum, e.t.v. ná lágmarki í **2-3%**, þ.e. 3-4% lægri en ef afnám hafta verður áfram á dagskrá (sjá mynd).

Í júlí næstkomandi gæti málið farið að skýrast þar sem næsta endurskoðun AGS er áætluð þá.


Til upprifjunar:

Hvað felst í Plani A? Seðlabankinn heldur áfram þeirri stefnu sem hann hefur hingað til framfylgt, þ.e. að lýsa því yfir að afnám hafta sé á næsta leyti. Vextir lækka því rólega í átt að ákveðnu vaxtagólfri, (sem liggur líklega á bilinu 5-6%) - en Seðlabankamenn hafa ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að viðhalda háu vaxtastigi til að hægt sé að afnema höftin.

Hvað felst í Plani B? Seðlabankinn lýsir því yfir að afnám hafta væri ekki lengur á dagskrá þar sem fjármögnun (s.s. frá AGS og vinabjóðum) fengist ekki og yrðu vextir því lækkaðir meira en ella við þær kringumstæður.

Vextir Seðlabankans, %

- mögulegir vaxtaferlar miðað við plan A eða plan B



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6964
Þórhallur Ásbjörnsson	thorhallur.asbjornsson@arionbanki.is	444-6967

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is